

Nemendaráðsfundur

Miðvikudaginn 1. febrúar

Allir mættir.

Fundinn ritaði Svava.

1. Skólapeysurnar

- a. Enn hefur ekki borist ein einasta tillaga í hugmyndasamkeppni um logó á næstu skólapeysur. Nemendaráð ætlar að minna nemendur á þetta tækifæri til að hafa áhrif á næstu skólapeysur. Við gefumst ekki upp og hvetjum fólk áfram. Enn eru 14 dagar til stefnu.

2. Símareglur

- a. Nemendur hafa komið á framfæri ósætti við símareglurnar. Nemendaráð skilur reglurnar um að það megi ekki nota símana í kennslustundum en á erfitt með að skilja hvers vegna ekki megi nota símana í frímínútum. Nemendaráð óskar eftir því að reglurnar verði endurskoðaðar þannig að það megi nota þá í frímínútum. Nemendaráði finnst að það eigi að semja svona reglur í samráði við nemendur.

3. Öðruvísi dagar

- a. Nemendaráð ætlar að hafa sólgleraugsdag á föstudaginn í þessari viku – allir mæta með sólgleraugu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:42.